



## Tíma- og verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2018 (2019 til 2022)

---

Gert er ráð fyrir eftirfarandi tímasetningum í áætluninni:

**A. Fimmtudagur 28. september – (bæjarráð)**

- Grunnforsendur fjárhagsáætlunar yfirfarnar og ákveðnar til fyrstu vinnslu
- Byggja að megin stefnu til á forsendum Sambands íslenskra sveitarfélaga sbr. minnisblað dags. 12. september 2017
- Forsendur og rammar sendir á sviðsstjóra/forstöðumenn að lokinni keyrslu fjármálasviðs

**B. Mánudagur 9. október – (bæjarfulltrúar)**

- Vinnufundur bæjarfulltrúa vegna fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar til næstu fimm ára og forgangsröðun verkefna á árinu 2018
- Yfirlit yfir stöðu verkefna á árinu 2017 lagt fram
- Forsendur fjárhagsáætlunar yfirfarnar

**C. Fimmtudagur 12. október – (bæjarráð)**

- Vinnsla fjárhagsáætlunar á dagskrá bæjarráðs
- Forsendur fjárhagsáætlunar formlega ákveðnar
- Forsendur og rammar sendir á sviðsstjóra/forstöðumenn í kjölfarið

**D. Mánudagur til föstudags 16. – 19. október – (fagráð önnur en bæjarráð)**

- Sviðsstjórar kynna í ráðunum forsendur fjárhagsáætlunar
- Sviðsstjórar kynna upplýsingar varðandi magntölur með hliðsjón af lögbundnum verkefnum, s.s. fjölgun nemenda, aukin þjónustu í kjölfar lagabreytinga eða aðrar breytingar sem kalla á endurskoðun (hækkun eða lækkun) fjárhagsáætlunar á milli ára

**E. Fimmtudagur 26. október – (bæjarráð)**

- Vinnsla fjárhagsáætlunar á dagskrá bæjarráðs
- Greinargerðir sviðsstjóra varðandi frávík frá forsendum fjárhagsáætlunar þurfa að liggja fyrir
- Ákvörðun um aukafund bæjarráðs
- **Ákveðið að aukafundur verði miðvikudaginn 1. nóvember (26. okt.)**
- **Ákveðið að aukafundur verði þriðjudaginn 7. nóvember og fimmtudaginn 9. nóvember (1. nóv.)**

**F. Miðvikudagur 1. nóvember – (aukafundur bæjarráðs)**

- Vinnsla fjárhagsáætlunar á dagskrá bæjarráðs
- **Ákvörðun varðandi fasteignaskatta (fasteignagjöld og lóðagjöld, sorpgjöld og persónuvernd)**
- **Ákvörðun um aukafundi – ákveðið að halda sig við að funda 7. og 9. nóvember 2017**



**G. Mánudagur til föstudags 6. – 9. nóvember – (fagráð önnur en bæjarráð).**

- Fjárhagsáætlun á dagskrá ráðanna

**H. Þriðjudagur 7. nóvember – (aukafundur bæjarráðs)**

- Vinnsla fjárhagsáætlunar á dagskrá bæjarráðs
- Ákvörðun um aukafundi – ákveðið að halda sig við að funda 9. nóvember 2017

**I. Fimmtudagur 9. nóvember – (aukafundur bæjarráðs)**

- Frumvarp fjárhagsáætlunar og tillögur samþykktar og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn

**J. Þriðjudagur 14. nóvember – (bæjarstjórn)**

- Fyrri umræða um fjárhagsáætlun

**K. Fimmtudagur 16. nóvember – (bæjarráð)**

- Fjárhagsáætlun á dagskrá bæjarráðs

**L. Mánudagur til föstudags 20. til 24. nóvember – (fagráð önnur en bæjarráð).**

- Fjárhagsáætlun á dagskrá ráðanna

**M. Tímabilið 20. nóvember til 1. desember – (bæjarstjóri/sviðsstjórar/forstöðumenn)**

- Áframhaldandi vinna við fjárhagsáætlun.
- Fundir sviðsstjóra/forstöðumanna með bæjarstjóra/fjármálasviði vegna vinnslu áætlana

**N. Fimmtudagur 30. nóvember – (bæjarráð)**

- Fjárhagsáætlun á dagskrá bæjarráðs
- Ákvörðun um aukafund/aukafundi í bæjarráði

**O. Fimmtudagur 7. desember – (aukafundur bæjarráðs)**

- Frumvarp til fjárhagsáætlunar afgreitt í bæjarráði og vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn

**P. Þriðjudagur 12. desember (bæjarstjórn)**

- Síðari umræða um fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar

September 2017

Október 2017

Nóvember 2017

SFB/SA/ÞHJ/AÓ

**Rautt: Breytingar frá upphaflegri áætlun**